

ENDURVINNSLA EFNAFERLIS EHF. Í GRINDAVÍK

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Skipulagsstofnun telur að reglubundin starfsemi Efnaferlis ehf. sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Þrátt fyrir að starfsemin geri ráð fyrir notkun varasamra efna, telur Skipulagsstofnun að vegna lítills umfangs starfseminnar sé ekki líklegt að stórslys geti átt sér stað fari eitthvað úrskaiðis í starfseminni. Þess utan verður kveðið á um meðferð hættulegra efna í starfsleyfi Umhverfisstofnunar og byggingarleyfi Grindavíkurbæjar.

Skipulagsstofnun telur brýnt að Efnaferli ehf. upplýsi slökkvilið sveitarfélagsins um öll þau hráefni og afurðir sem verða hjá fyrirtækinu líkt og Brunamálastofnun lagði til í umsögn sinni sem og að brunahönnun og tilheyrandi áhættugreining verði borin undir Brunamálastofnun.

Skipulagsstofnun telur áform Efnaferlis ehf. um endurnýtingu úrgangsefna og það að vinna úr þeim hráefni til iðnaðarnota mjög jákvætt. Skipulagsstofnun minnir á að jákvæð áhrif rekstrarins á umhverfið velta fyrst og fremst á því að fyrirtækið viðhafi þá fagmennsku sem nauðsynleg er fyrir jafn sérhæfa starfsemi og hér um ræðir.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Efnaferlis ehf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Efnaferlis ehf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að tilrauna- og þróunarstöð fyrir endurnýtingu á umfram- og aukaafurðum á vegum Efnaferlis ehf. sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 12. nóvember 2010.

INNGANGUR

Þann 30. ágúst 2010 tilkynnti Efnaferli ehf. um tilrauna- og þróunarstöð fyrir endurnýtingu á umfram- og aukaafurðum sem falla til í ýmsum öðrum iðnaði á Íslandi til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 11 j í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Grindavíkurbæjar, Brunamálastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Grindavíkurbæ með bréfi dags. 7. október 2010, Brunamálastofnun með bréfi dags. 28. september 2010, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með bréfi dags. 21. september 2010 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 29. september 2010. Ekki bárust viðbrögð frá Efnaferli ehf. við umsögunum.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í greinargerð frá Efnaferli ehf. kemur fram að áformað sé að taka til efndurvinnslu úrgang og aukaafurðir sem falla til í öðrum iðnaði einkum á höfuðborgarsvæðinu. Til þessa hefur afurðunum verið fargað eða eytt með brennslu. Áætlað er að til falli 15 til 40 tonn af afurðunum á ári, aðallega á fljótandi formi.

Húsnæði. Efnaferli ehf. ráðgerir starfsemi sína í iðnaðarhúsnæði í Staðarsundi 7 í Grindavík. Húsnæðið er nýlegt og stendur á skipulögðu iðnaðarsvæði. Frárennsli í vinnslusal fer um olúskilju en skólp og neysluvatn er aðskilið. Gert er ráð fyrir að allur búnaður og geymar verði á afmörkuðum og aðgreindum hluta húsnæðisins. Fram kemur að efnin verði eingöngu innandyra þegar vinnsla fer fram.

Hráefni og afurðir. Hráefnin sem um ræðir eru fljótandi leysiefnablöndur með lágt suðumark. Afurðirnar frá starfseminni eru endurnýtanlegar við sömu starfsemi og þær komu frá. Afurðirnar sem um ræðir eru Acetonitrile, dímetýl súlfóxíð, píridín og vatn. Fram kemur að ekki sé útilokað að aðrar gerðir hráefna verði teknar til vinnslu síðar, t.d. blöndu af asetoni og metanóli. Á öryggisleiðbeiningum sem fylgja með greinargerðinni kemur fram að acetonnitrile og píridín flokkist sem hættuleg og mjög eldfim efni. Fram kemur að gert sé ráð fyrir meðhöndlun á 2-3,5 tonnum á mánuði. Frárennsli frá starfseminni er kælivatn.

Vinnsluferli. Framleiðslan byggir á dælingu hráefnis í uppgufunartæki. Þar er það hitað upp, hlutþétt og kælt. Með því móti aðskiljast hráefna blöndur í hreinar afurðir sem er safnað í aðskilin ílát. Um 97 % af hráefnunum verður að fullunninni afurð í ferlinu. Restin botnfellur í tækjum og er því auðvelt að safna saman og farga á tilskilinn hátt, t.d. með brennslu.

Öryggi og eldvarnir. Hráefnin og afurðirnar eru eldfimar. Fyrirtækið hyggst koma upp öflugu loftræstikerfi, hafa varðan rafbúnað og setja upp vatnsúðunarkerfi innan vinnslurýmis.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Brunamálastofnun, Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja og Umhverfisstofnun telja að ekki sé ástæða til að meta umhverfisáhrif starfsemi Efnaferlis ehf. í Grindavík.

Áhætta. Brunamálastofnun bendir á að slökkvilið sveitarfélagsins þurfi að vera vel upplýst um hvaða efni og hversu mikið af þeim séu notuð og geymd á umráðasvæði fyrirtækisins og áhrif þess á slökkvistarf á svæðinu. Í því sambandi er sérstaklega bent á ákvæði í 22. gr. brunamálalaga. Fyrirhuguð starfsemi kalli á að slökkviliðið hafi yfir að ráða sérstakri "alcohol resistant" froðu við slökkvistarf en slíkt efni sé alla jafna ekki notað í slökkvistarfi slökkviliða sveitarfélaga og almennt ekki í þeirra eigu. Gera þurfi vandaða brunahönnun með tilheyrandi áhættugreiningu af verksmiðjunni sem taki á þessum þáttum. Eðlilegt megi telja að slíkt yrði skilyrt í leyfum fyrir verksmiðjunni, rekstri hennar og öllum flutningum til og frá henni.

Mengunarvarnir. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja gerir kröfu um að bestu fánlegu tækni skuli beitt í mengunarvörnum.

Starfsleyfi. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja minnir á að hér er um meðhöndlun spilliefna að ræða, sbr. fylgiskjal 1, reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og skal því sótt um starfsleyfi fyrir slíka starfsemi til Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun veur athygli á að kveðið verði nánar á um meðferð þeirra efna sem um ræðir í starfsleyfi.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða tilrauna- og þróunarstöð fyrir endurnýtingu á umfram- og aukaafurðum sem falla til í ýmsum öðrum iðnaði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 11 j í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að reglubundin starfsemi Efnaferlis ehf. sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Þau neikvæðu umhverfisáhrif sem geti átt sér stað verði helst ef eitthvað fer úrskaiðis. Hins vegar telur Skipulagsstofnun að vegna lítills umfangs og þeirrar afmörkunar á starfseminni sem fyrirtækið hefur lýst í greinargerð um starfsemina þá sé ekki líklegt að stórslys geti átt sér stað. Þess utan verður kveðið á um meðferð hættulegra efna í starfsleyfi Umhverfisstofnunar og byggingarleyfi Grindavíkurbæjar.

Skipulagsstofnun telur brýnt að Efnaferli ehf. upplýsi slökkvilið sveitarfélagsins um öll þau hráefni og afurðir sem verða hjá fyrirtækinu líkt og Brunamálastofnun lagði til í umsögn sinni sem og að brunahönnun og tilheyrandi áhættugreining verði borin undir Brunamálastofnun.

Skipulagsstofnun telur áform Efnaferlis ehf. um endurnýtingu úrgangsefna og það að vinna úr þeim hráefni til iðnaðarnota mjög jákvætt. Starfsemin skapi 3-5 störf við sérhæfða vinnslu sem Skipulagsstofnun sé ekki kunnugt um að sé til staðar í landinu. Skipulagsstofnun minnir á að jákvæð áhrif rekstrarins á umhverfið velta fyrst og fremst á því að fyrirtækið viðhafi þá fagmennsku sem nauðsynleg er fyrir jafn sérhæfa starfsemi og hér um ræðir.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Efnaferlis ehf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Efnaferlis ehf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að tilrauna- og þróunarstöð fyrir endurnýtingu á umfram- og aukaafurðum á vegum Efnaferlis ehf. sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 12. nóvember 2010.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson

